

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Rafiðnaðarsambands Íslands**  
**og**  
**365 miðla ehf.**

**1. gr.**

Síðast gildandi kjarasamningur framlengist til 31. janúar 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem greinir í samningi þessum.

**2. gr.**

Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. júlí 2011.

**3. gr.**

**Laun og launatafla hækka sem hér segir:**

1.6. 2011:	4,25%.
1.2. 2012:	3,5%.
1.2. 2013:	3,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema annað sé sérstaklega tilgreint í samningnum.

**4. gr.**

**Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót miðað við fullt starf er sem hér segir:

Á árinu 2011 kr. 87.700.
Á árinu 2012 kr. 90.700.
Á árinu 2013 kr. 93.700.

Orlofsuppbót miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 kr. 90.700.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 kr. 93.700.

**Sérstakt álag á orlofs- og desemberuppbót 2011**

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 13.700.
Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000.

OBRK OS  
H&W

**5. gr.**

**Ýmis ákvæði**

Eftirtalin ákvæði úr kjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 verði hluti samnings þessa:

- Greiðsla yfirvinnu með frítöku
- Ólaunaðir frídagar á ferðum

Aðilar munu jafnframt fara yfir önnur ákvæði í kjarasamningi ASÍ og SA og færa inn í kjarasamning aðila eftir því sem við á.

**6. gr.**

**Samningsforsendur**

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning þennan.

**7. gr.**

**Afgreiðsla kjarasamnings**

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 29. júní.

Reykjavík, 27. júní 2011

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

*Ósmáeldur*  
*Hafliði Þóroddur*  
*Binnar Jón Sigmarsson*  
*Þjórtófrím Þingeyjars*

F.h. 365 miðla ehf.

*Ólafur Þ. Þorvaldsson*  
*A. Valbjörn*  
*Kjartan Þ.*

### **Bókun**

Samkomulag er um að framlengja bókun úr kjarasamningi aðila frá 2. apríl 2009 um tengingu samninga við almennan kjarasamning SA og RSÍ. Aðilar skipi fulltrúa í samninganefnd fyrir 1. október 2011. Hlutverk nefndarinnar verði jafnframt að endurskoða launatöflu kjarasamningsins.

ÖB  
CS

AS